

Fundarritari: Krístrún

Dags: 7. maí 2025

Tilefni: Skólanefndarfundur

Fundinn sátu: Sigríður Ragna, Sara, Jenný, Petra, Magnús, Krístrún, Edda, Hildur J. og Róbert.

Fjarverandi: Margrét, Pétur og Gústav

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Skólastarfið:

Magnús, skólameistari sagði frá því helsta sem hefur verið á döfinni. Hann minnti á föstudagspóstinn. Sigríður óskaði eftir því að fá fundargerðir frá kennarafundum. Magnús sagði að allt sem væri að gerast í skólanum kæmi fram í föstudagspóstum. Sagt var frá beiðni ráðuneytisins um að skólinn tæki að sér nám fyrir erlenda nemendum sem koma til landsins utan innritunartíma. Ef af verður þá fer námið fram á Suðurlandsbraut í húsnæði Námskrafts.

Spurt var af hverju deildarstjórastöður væru auglýstar til eins árs en ekki lengri tíma. Magnús svaraði því til að fyrir tæpu ári hefðu verið gerðar breytingar sem m.a. voru að gera sérstaka AM deild og færa enskudeildina inn í tungumáladeild. Ákveðið var í framhaldinu að auglýsa deildarstjórastöður til eins árs til að skoða hvernig gengi. Spurt var hvort það væri búið að lofa auka fjármagni vegna þess hver árgangur nýnema er stór. Svarið við því er nei.

3. Fjármál:

Edda, fjármálastjóri lagði fram upplýsingar úr ársreikningi fyrir árið 2024. Edda útskýrði hvers vegna liðurinn „fundir, námskeið og risna“ væri yfir áætlun. Skýringin er að keypt voru gjafabréf í jólagjöf fyrir starfsmenn (2023) sem söluaðili gleymdi að rukka fyrir. Reikningurinn barst því ekki fyrr en 2024 sem hafði áhrif á áætlun. Rætt var um kaup á húsbúnaði. Sagt var frá því að í skólanum væri lögð áhersla á endurnýta og kaupa notað í þeim tilvikum sem það er hægt.

4. Fjarnámið: Hildur, fjarnámsstjóri fór yfir uppbyggingu og tölfræði fjarnáms. Síndar voru upplýsingar um skráningar og heimtur þ.e. hversu margar einingar fjarnámsnemendur væru skráðir í upphafi annar og hversu margar af þeim einingum skiluðu sér til skólans í lok annar. Að meðaltali er hver nemandi að taka tvo áfanga á önn og að meðaltali eru heimtur 60%.

Hildur fór einnig yfir uppbyggingu og starfssvið fjarnáms þ.e. störfum sem tilheyra fjarnáminu.

Spurt var um hversu margir kennarar væru að kenna í fjarnáminu og svarið við því er að um 60 kennarar eru að kenna á stórum önnum og um 40 á sumarönn. Flestir

kennarar starfa við kennslu í dagskólanum en í einstaka tilvikum sbr. sérgreinum heilbrigðisgreina þá hefur þurft að leita til kennara utan skólans.

5. Önnur mál:

Í upphafi fundar var rætt um öryggismál og umræðu sem fór fram á þinginu fyrir nokkru síðan varðandi að það þyrftu að vera í öryggisverðir í öllum skólum.

Fulltrúi foreldra sagði frá því að dóttir hennar hefði upplifað mikið óöryggi hræðslu vegna óláta í nemendum fyrir utan skólann. Magnús sagði frá því hvernig ferlið í kringum þetta tiltekna mál var.

Sigríður óskaði eftir því að fyrsti fundur skólanefndarfundur yrði haldinn í byrjun september. Fundartími verður boðaður fljótlega.

Fundi slitið klukkan 13:27